



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Leikur, styðjandi samskipti og lærdómssamfélag

RannUng: Sara M. Ólafsdóttir og Margrét S. Björnsdóttir

Aðrir fræðimenn HÍ: Arna H. Jónsdóttir, Hrönn Pálmadóttir, Ingibjörg Ósk
Sigurðardóttir og Kristín Karlsdóttir

Þátttökuleiksskólar:

Reynisholt, Stakkaborg og Tjörn (Tjarnaborg og Öldukot) og Ægisborg

Lokaskýrsla haustið 2021



Skýrsla um þróunar- og nýsköpunarverkefni v. Menntastefnu Reykjavíkur B-hluti.

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	2
2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd.....	2
3. Samantekt - Niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra	3
4. Mat á verkefninu	5
5. Greinargerð um notkun styrkjár.....	5
6. Kynning.....	6
Heimildir	7
Fylgiskjöl.....	7

1. Inngangur

- Sagt frá markmiðum verkefnisins (m.a. jafnréttismarkmiðum og hvernig það tengist Menntastefnu Reykjavíkur) og aðdraganda þess.

Markmiðið er að efla fagmennsku deildarstjóra og annars starfsfólks leikskóla í þeim tilgangi að ná fram markmiðum sem sett hafa verið fram í nýrri Menntastefnu Reykjavíkur um læsi, sjálfseflingu, skapandi hugsun, félagsfærni og heilbrigði barna. Einnig að styrkja leikskólann sem lærdómssamfélag þar sem litið er á börn sem virka þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi.

Unnið er að þeim jafnréttissjónarmiðum sem fram koma í Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar s.s. út frá jafnrétti kynja, aldri, fötlun og uppruna barna þar sem þau fá tækifæri til að tjá sig, hlusta á aðra og hafa áhrif á eigið líf.

Í upphafi samþykktu allir leikskólar þátttöku í rannsókninni, þ.e. að þróa leiðir til að koma væntanlegri Menntastefnu í framkvæmd. Þónokkur áskorun fólst í því að hefja samstarfið og fljótlega heltist einn leikskóli úr lestinni vegna manneklu og veikindaleyfa starfsfólks (Hraunborg). Haustið 2018 byrjaði samstarfið með umræðu og fundarhöldum þar sem allir leikskólastjórnendur og margir deildarstjórar tóku þátt. Þessir leikskólar tóku þátt í þeirri undirbúningsvinnu: Borg (Arnarborg og Fálkaborg), Brákarborg, Lyngheimar, Reynisholt, Stakkaborg og Tjörn (Tjarnaborg og Öldukot). Í lok fyrstu annarinnar drógu Lyngheimar sig út úr verkefninu en í upphafi annars starfsárs, sem var framkvæmdarár, sá leikskólastjóri Borgar sér ekki fært að halda áfram þátttöku í verkefninu, framkvæmdin fór því af stað í samstarfi fjögurra leikskóla/fimm starfsstöðva og RannUng. Um vorið dró Brákarborg sig til baka vegna þátttöku í öðrum verkefnum en Ægisborgin bættist í hópinn og voru því leikskólarnir áfram fjórir með fimm starfsstöðvar.

2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd

- Hverjar voru þær áskoranir sem verkefninu var ætlað að bregðast við? Ætlunin var að þátttakendur þróuðu starf í leikskólum út frá þáttum Menntastefnunnar með megináherslu á nám í gegnum leik og vel ígrunduð og styðjandi samskipti. Til að styrkja mætti leikskólann sem lærdómssamfélag var stutt við börn sem virka þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi þar sem þau fengu tækifæri til að tjá sig, hlusta á aðra og hafa áhrif á eigið líf. Þannig var unnið að jafnréttissjónarmiðum skv. Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar s.s. út frá jafnrétti kynja, aldri, fötlun og uppruna barna. Ávinningur leikskólans fól í sér að efla fagmennsku í starfi deildarstjóra og annars starfsfólks.

- Af hverju var ákveðið að fara í verkefnið?

RannUng hefur verið í samstarfi við Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar frá stofnun rannsóknarstofunnar, árið 2007. Fulltrúar frá borginni hafa setið í stjórn RannUng og unnið hefur verið að ýmsum sameiginlegum verkefnum. Það var því eðlilegt

framhald að þessir aðilar ynnu að stærra verkefni með starfendarannsóknarsniði, sem þótti tilvalið að tengja við Menntastefnu sem þá var í smíðum hjá Reykjavíkurborg.

- Hvernig var skipulagi og framkvæmd verkefnisins háttað? (Tímarammi, umfang, verkhlutar, verkaskipting).

Verkefnið var skipulagt af RannUng og leikskólum boðið að taka þátt. Þátttakendur og megintengiliðir hvers leikskóla voru 1-3 deildarstjórar á hverri starfsstöð. Verkefnið var í upphafi skipulagt sem þriggja ára ferli.

Fyrsti hluti verkefnisins fór fram 2018 – 2019 og var skilað skýrslu fyrir það tímabil. Þetta fyrsta ár var notað til að undirbúa verkefnið og kortleggja stöðuna í leikskólunum, m.a. voru tekin viðtöl við leikskólastjórana.

Annar hluti verkefnisins fór fram 2019 – 2020 og hefur einnig verið skilað skýrslu fyrir það tímabil. Í hverjum leikskóla völdu leikskólakennarar og annað starfsfólk fókus úr Menntastefnunni til að vinna með. Flestir völdu félagsfærni. Auk þess varð fyrir valinu sjálfsefning, leikur, sköpun og heilsa. Nánari útfærsla var unnin í leikskólunum og tengdu sumir við sjálfsmynd og við aðferðir svo sem skráningar. Einn kennari úr háskólateyminu sá um samstarf og eftirfylgni í hverjum leikskóla, kom á fundi og leit við eftir því sem við átti í hverjum leikskóla. Eftir þetta skipulögðu og þróðu þátttakendur í leikskólunum starfið hver á sinn hátt. Fundir voru haldnir með þátttakendum úr leikskólunum og háskólateyminu, ýmist með öllum þátttakendum eða minni fundir í hverjum leikskóla. Haldnir voru fimm samstarfsfundir með þátttöku háskólakennara, deildarstjóra og annars starfsfólks. Einn stór fundur var haldinn þar sem öllum þátttakendum leikskólanna var boðið að vera með. Jafnframt voru fundir með stjórnendum verkefnisins og fulltrúum Menntasviðs Reykjavíkurborgar.

Þriðji og jafnframt síðasti hluti verkefnisins fór fram 2020 – 2021. Unnið var áfram að verkefninu með sambærilegum hætti og í öðrum hluta þess. Í mars 2021 var haldinn stór fundur með tengiliðum og deildarstjórum verkefnisins þar sem sagt var frá þróun verkefnisins, staðan tekin og framhaldið rætt. Einnig voru minni fundir með stjórnendum verkefnisins. Að öðru leyti unnu leikskólarnir að áframhaldandi þróun verkefnisins í samráði við tengiliði RannUng. Þátttakendur og tengiliðir kynntu verkefnið bæði á Menntastefnumóti Reykjavíkur 10. maí og svo á Menntaviku MVS HÍ sem haldin var 15. október. Nánar verður fjallað um þær kynningar undir lið 6.

3. *Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra*

- Hver er reynslan af verkefninu á viðkomandi starfsstað/starfsstöðum?

Í gegnum ferlið urðu breytingar á þátttökuleikskólum en hér verður aðallega fjallað um þá leikskóla sem tóku þátt í síðasta hluta verkefnisins. Reynslan var sú að verkefnið fór rólega af stað en eftir að fókus hafði verið valinn og vinnan hafin þá varð ágætis gangur í verkefninu. Miklu skipti að leikskólarnir fengu sameiginlega fræðslu um leik, styðjandi samskipti og lærdómssamfélag í upphafi verkefnisins ásamt eftirfylgni á ákveðnum þáttum. Sameiginlegir fundir þátttakenda voru uppbyggilegir sem og stuðningur tengiliða RannUng við starfsfólk leikskólanna. Gátlistar Menntastefnunnar reyndust

gagnlegir til að meta stöðuna. Reynslan sýnir að til að svona verkefni gangi innan leikskóla þá verði að vera almennur vilji fyrir þátttöku. Mannekla hafði þau áhrif að leikskólar drógu sig út úr verkefninu sem og það að leikskólar voru að taka þátt í of mörgum verkefnum. Leikskólum ber að framfylgja Menntastefnu Reykjavíkur og var lögð á það rík áhersla að verkefnið væri liður í þeirri vinnu og ætti að byggja á því sem nú þegar væri verið að gera en ekki enn eitt verkefnið sem tæki svo enda.

Verkefnið hafði jákvæð áhrif á faglegt starf allra leikskólanna og skapaði aðstæður fyrir sameiginlega sýn og tækifæri til að draga fram og skerpa á þeim áherslum sem þeir völdu sér úr Menntastefnu Reykjavíkur. Aukinn áhugi starfsfólks um leik og nám barna og umræða um starfshætti ásamt betur nýttum undirbúningstímum er ein birtingarmynd lærdómssamfélagsins. Verkefnið hefur stutt við og verið hvatning fyrir þátttakendur til að vinna að nýjum verkefnum svo sem ferilmöppum og endurskoðun skólanámskrár.

Strax í upphafi kom fram áhugi fyrir skráningum og má segja að þáttur þeirra hafi orðið hvað fyrirferðamestur og stigin stór skref hvað þær varðar. Aðallega voru notaðar ljósmyndir og myndbönd og sýndu skráningarnar sig m.a. sem tækifæri til að draga fram nám, líðan og jákvæða eiginleika barna.

- Hvernig geta niðurstöður verkefnisins nýst öðrum?

Í verkefni sem þessu liggur mikil og dýrmæt reynsla bæði af því sem gekk vel og því sem betur hefði mátt fara. Sameiginlegu kynningarnar sem haldnar voru (Menntastefnumótið og Menntakvikan) gefa góða mynd af því hvernig vinna má að þáttum Menntastefnunnar og sýna vel afraksturinn.

- Hver var ávinningur verkefnisins fyrir börnin?

Menntastefnan á að hverfast um börnin og þeirra velferð. Það er niðurstaða þátttakenda að ávinningur verkefnisins fyrir börnin hafi verið umtalsverður en hann birtist með mismunandi hætti allt eftir áhersluþáttum hvers leikskóla. Sem dæmi má nefna aukna meðvitund starfsfólks um leikinn sem skilaði sér í bættu námsumhverfi barna hvað varðar frjálsan leik, efnivið og sköpun. Einnig var hlustað meira á vilja þeirra sem gerði þau sjálfstæðari í að koma óskum sínum á framfæri. Matartímar og starf almennt var sett upp í flæði þar sem börn fengu að kynna þvert á deildir og efla það sjálfstraust barna. Rætt var við börnin í rýnihópum til að leggja mat á vinnu við Menntastefnuna. Skráð voru í ferilmöppur samtöl við börnin um nám þeirra í leikskólanum. Börnin urðu meiri þátttakendur í stöðvavinnu og í einum leikskólanum varð til nýtt hlutverk, stöðvarstjórar, þar sem börnin skiptust á að aðstoða kennara við undirbúning og skipulag stöðvavinnunnar. Þar voru einnig teknar upp kosningar þar sem börnin ganga til kosninga og kjósa um hvað á að vera í matinn á merkisdögum eða hvernig öðruvísi dag þau vilja. Almennt má segja að gerðar hafi verið breytingar á skipulagi og aðbúnaði í þeim tilgangi að bæta líðan og auka áhrifamátt barna.

- Hvernig tengdist verkefnið fræðasamfélaginu eða rannsóknunum?

Verkefnið var skipulagt sem starfendarannsókn þar sem deildarstjórar voru lykilpersónur í því að skoða hvernig börnum er mætt og á þau er hlustað af starfsfólki leikskólans. Leikskólarnir völdu sér áhersluþætti úr Menntastefnunni og kannað var í

hverjum leikskóla hvaða leiðir gætu gagnast til að stuðla að réttindum barna eins og þeim er lýst í Menntastefnu Reykjavíkur og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Fyrsta starfsár verkefnisins var leitt af RannUng. Fimm fræðimenn og verkefnisstjóri í háskólanum skipulögðu og hönnuðu verkefnið sem var unnið með starfendarannsóknarsniði í samvinnu við leikskólastjóra og deildarstjóra í þáttökuleikskólunum. Á öðru starfsári spurðu þátttakendur sig hvort og hvaða áhrif upplýsingar úr verkefninu hefðu haft á börnin þar sem þeir studdust m.a. við tékklista úr verkfærakistu Reykjavíkurborgar fyrir Menntastefnuna. Í gegnum allt ferlið voru tengiliðir RannUng í samstarfi við leikskólanna og veittu stuðning og fræðslu eftir þörfum. Í þessu samtali varð til fagleg þekking hjá báðum aðilum sem mótaði áframhaldandi ferli lærdómssamfélagsins. Tengiliðir RannUng tóku viðtöl við leikskólastjórana og starfsfólk leikskólanna til að safna gögnum um verkefnið, leggja mat á framvindu þess, hugsa til framtíðar og byggja fræðileg skrif.

4. *Mat á verkefninu*

- Hvernig var mati á verkefninu háttað? Var það formlegt (rannsóknir, gátlistar menntastefnu eða annað) eða óformlegt (ígrundun, samræður, huglægir þættir)?

Haldnir voru starfsþróunarfundir með leikskólastjórum og deildarstjórum, auk kynningafunda og samræðufunda með starfsfólki leikskólanna. Viðtöl voru tekin við leikskólastjórana í upphafi og við lok verkefnisins. Tengiliðir RannUng tóku rýnihópaviðtöl í leikskólunum bæði í upphafi annars starfsárs og seinnipartinn á því þriðja. Leikskólarnir hafa hver um sig tekið saman skýrslur þar sem þeir meta verkefnið m.a. út frá ákveðnum spurningarömmum. Sjá fylgiskjöl.

- Voru markmið verkefnisins uppfyllt?

Markmiðið sem sett var í upphafi var að efla fagmennsku deildarstjóra og annars starfsfólks leikskóla í þeim tilgangi að ná fram markmiðum sem sett hafa verið fram í nýrri Menntastefnu Reykjavíkur um læsi, sjálfsefningu, skapandi hugsun, félagsfærni og heilbrigði barna. Einnig að styrkja leikskólann sem lærdómssamfélag þar sem litið er á börn sem virka þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi. Þessi markmið voru höfð að leiðarljósi í gegnum allt ferlið. Í leikskólunum var unnið að völdum þáttum Menntastefnunnar og varð góður árangur í öllum þeirra en verkefnið er í stöðugri þróun og áfram verður unnið að því markvisst þar sem slíkri vinnu er í raun aldrei lokið. Verkefnið stuðlaði að breytingum sem leiddu til starfsþróunar og valdeflingar starfsfólks og barna.

5. *Greinargerð um notkun styrkfjár*

- Hvernig var styrknum ráðstafað? (Vinnuframlag, launagreiðslur, annar kostnaður, o.fl. sé sundurliðað)

Styrkfé var nýtt í greiðslur vegna sérfræðiþjónustu og verkefnastjórnunar á vegum Rannung og sem greiðslur til leikskólanna sem tóku þátt í verkefninu. Leikskólarnir nýttu styrkfé m.a. sem greiðslur til einstakra kennara í formi verkefnastjórnunar og til kaupa á ýmsum tækjabúnaði og efniviði.

Sökum aðstæðna var lítið hægt að nýta fjármagn til fundahalda og var ákveðið að leita til Rannung og leikskólanna til að fá hugmyndir að því hvernig hægt væri að nýta fjármagnið fyrir einhverskonar afurð eða kynningu á verkefninu. Þar má t.d. nefna, myndbönd, greinaskrif og gerð fræðsluefnis.

Kostnaðarliðir / styrkir	Gjöld	Tekjur
Styrkur haust 2020 $\frac{2}{3}$		4.690.000
Vinnuframlag Rannung 2020	267.027	
Verkefnastjórn og afritun Rannung 2020	170.000	
Eftirfylgni við úrvinnslu 2021	1.500.000	
Greiðsla til leikskóla 2020 Tjörn	300.000	
Greiðsla til leikskóla 2020 Stakkaborg	200.000	
Greiðsla til leikskóla 2020 Reynisholt	200.000	
Greiðsla til leikskóla 2020 Ægisborg	200.000	
Vinnuframlag sérfræðinga Rannung 2021	923.400	
Verkefnastjórn og afritun Rannung 2021	852.000	
Greiðsla til leikskóla 2021 Tjörn	400.000	
Greiðsla til leikskóla 2021 Stakkaborg	300.000	
Greiðsla til leikskóla 2021 Reynisholt	300.000	
Greiðsla til leikskóla 2021 Ægisborg	300.000	
Lokaskýrsla des 2021 $\frac{1}{3}$		2.310.000
Eftirstöðvar af styrk 31.des 2021	1.087.573	
Alls	7.000.000	7.000.000

6. Kynning

- Hvernig verður verkefnið kynnt fyrir samstarfsfólki og öðrum hagsmunaaðilum? Til stendur að kynna verkefnið í leikskólunum, á ráðstefnum og eftir því sem Reykjavíkurborg, þátttökuleikskólarnir og aðrir leikskólar óska eftir. Ferli verkefnisins hefur verið skráð og er stefnt að því að birta greinar um innleiðingu þess.

- Hvaða kynningar hafa þegar farið fram á verkefninu og/eða niðurstöðum þess? Verkefnið var kynnt á Menntastefnumóti Reykjavíkur 10. maí 2021 og svo á Menntakviku MVS HÍ 15. október 2021. Menntastefnumótinu var streymt og hefur fengið mikið áhorf. Menntakvikan fór fram rafrænt í rauntíma og sóttu málstofuna um 70 manns. Kynningin vakti mikinn áhuga og komu margar spurningar í kjölfarið sem flestar snéru að skráningarþættinum. Fluttir voru tveir fyrirlestrar í HÍ um innleiðingu verkefnisins og skráningar í námskeiðinu Þróunarstarf í menntastofnunum vorið 2020 og haustið 2020. Að auki var kynning á verkefninu fyrir leikskólann Hamravelli í Hafnafirði í nóvember 2021. Verkefnið hefur verið kynnt innan leikskólanna og hafa m.a. myndbönd verið nýtt til að kynna foreldrum verkefnið.

- Varð til einhver afurð með verkefninu sem hægt væri að deila með öðrum í [verkfærakistu á vef menntastefunnar](#) (Dæmi: myndband, vefur, greinaskrif, handbók, verkefnalýsing eða annað)?

Stefnt er að því að deila efni tengt skráningum í verkfærakistunni og má þar nefna að í einum leikskólanum er í smíðum handbók eða bæklingur varðandi það hvernig leikskólinn vill haga skráningum þannig að nýtt starfsfólk fái allar upplýsingar á einum stað. Í öðrum leikskóla urðu til fyrirlestrar sem snúa aðallega að innleiðingu skráninga í leik. Þar var einnig stuðst við hugtakakort við mat á leikskráningum sem mætti deila áfram ásamt félagsfærnisögum sem orðið hafa til í verkefninu. Einnig er ætlunin að deila þeim myndböndum sem orðið hafa til í tengslum við verkefnið. Unnið er að frekari gagnagreiningu og greinaskrifum í íslensk tímarit sem verða aðgengileg í verkfærakistunni.

Heimildir

Fylgiskjöl

Lokaskýrslur frá leikskólunum.

ATH.

- Skila þarf skýrslu í tölvupósti á sfs@reykjavik.is
- Skýrslur vegna þróunar- og nýsköpunarverkefna eru [birtar á vef menntastefnu Reykjavíkurborgar](#)